

Nd.

426. Nefndarálit

[102. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar vill vísa því til ríkisstjórnarinnar og skilar um það séráliti. Undirritaðir, sem eru minni hluti nefndarinnar, leggja til, að frumvarpið verði samþykkt.

Svo sem fram kemur í greinargerð fyrir frumvarpi þessu, virðist augljóst, að brýna nauðsyn beri til að reisa sem allra fyrst nýjan menntaskóla í Reykjavík. Í menntaskóla Reykjavíkur eru nú rúmlega 900 nemendur, og er húsnæði skólans fyrir þann fjölda nemenda mjög ábótavant.

Það er álit margra skólamanna, að menntaskólar ættu ekki að hafa fleiri en 500—600 nemendur. Miðað við þann nemendafjölda gætu tveir menntaskólar verið fullsetnir í Reykjavík innan eins til tveggja ára. Sjá því allir, að brýna nauðsyn ber til að setja nú þegar löggjöf um nýjan menntaskóla í Reykjavík til að mæta þeim stórauðna nemendafjölda, er hlýtur í hraðvaxandi mæli að sækja um menntaskólánám í hinni ört vaxandi höfuðborg og fjölmönnum byggðum í nágrenni hennar.

Breyttir þjóðfélagshættir stórauðna þörfina á sérmenntuðu fólki til starfs í margvíslegum greinum. Þess vegna má ekki dragast úr hömlu, að hafizt verði handa um byggingu nýs menntaskóla í Reykjavík, ef vísindi og tæknimenntun eiga að geta blómgaft og orðið sá hornsteinn, sem atvinnuvegir þjóðarinnar og öll framtíðaruppbygging verður að vera reist á.

Þá er ekki nema sjálfsagt, að heimildum þeim, sem verið hafa í gildi í lögum til starfrækslu menntaskóla á Akureyri og á Laugarvatni og notaðar hafa verið fyrir löngu, verði breytt í það form, er ástandið, sem nú ríkir og ríkt hefur, gefur tilefni til.

Þar sem sérfrumvörp um menntaskóla fyrir Vestfirði og Austurland hafa verið lögð fyrir neðri deild, vísar minni hlutinn til nefndarálita, er fyrir liggja um þá menntaskóla.

Alþingi, 3. apríl 1964.

Óskar Jónsson, Sigurvin Einarsson.
frsm.